

Orkustofnun  
Skúli Thoroddsen  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 14. mars 2017  
UST201703-046/B.S.  
10.05.05

### Efni: Umsókn um nýtingarleyfi - jarðhiti – Svartsengi. Umsögn


Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 2. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um nýtingarleyfi.


Ráðgert er að auka massa upptekt úr Svartsengissvæðinu með í kringum 90 kg/s, sem gæti gefið gufu sem samsvarar um 6-7 MW<sub>e</sub> rafafli frá orkuveri.

Ekki kemur fram í erindi HS Orku hvort unnt verði að nýta núverandi borholur til að afla þess auka massa sem ráðgert er að nota til raforkuframleiðslu.

Umhverfisstofnun telur að leitast eigi við að nota borholur og mannvirki sem þegar eru fyrir hendi og forðast að taka ný svæði undir fyrirhugaða orkuöflun ef þess er nokkur kostur.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur